



Erasmus skólaárið 2025 – 2026

Þetta skólaár var unnið samhlið að þremur Erasmus verkefnum. Við fengum loksins langþráðan styrk til þriggja ára verkefnis (accreditation) í flokknum KA120. Skólaverkefni sem við skipuleggjum sjálf og veljum okkar samstarfsaðila. Í verkefninu er einnig gert ráð fyrir námskeiðum fyrir kennara árlega.

Einnig vorum við þátttakendur í 18 mánaða verkefni um þrívíddarprentun. Við gátum ekki sótt um þann styrk, en gátum verið samstarfsaðilar og fengið þannig styrk til verkefna. Styrkur til verkefnisins fékkst úr flokknum KA210, short time mobility.

Einnig vorum við umsóknaraðilar að verkefni sem fékk styrk úr flokknum KA210, í samstarfi við félagið Association Silejad.



Hópur nemenda í GB í skólaheimsókn í Základní škola Karla Jeřábka 941, í lok apríl 2025. Þema verkefnisins, sem er hluti af þriggja ára verkefni, var velferð (well-being). Á myndinni eru, frá vinstri: Martina, verkefnisstjóri í ZSK, Gabriela, aðstoðarskólastjóri ZSK, Helena, sérkennari í GB, Blær, Freyja, Rebekka Rán, Gitta, Eygló, Kristný, Karín, Andri, Hilmar og frú Olga Mataková, skólastjóri ZSK.



Hópur nemenda úr GB og ZSK sem tóku þátt í verkefninu „3D project“ (þrívíddarprentun). Þarna eru krakkarnir staddir í Tékklandi í lok maí 2025, en tveimur mánuðum áður sóttu tékknesku krakkarnir okkur heim í GB. Það voru því fagnarfundir þegar hópurinn hittist aftur. Á myndinni eru, frá vinstri: Max, Aleš, Adéla, Petr, Kári, Eysteinn og Friðrik. Jafnaldrar sem allir eru nemendur í 9.bekk.



Hópur nemenda í Penpals verkefninu í Viens í Frakklandi í lok júní 2025. Frá vinstri: Tómas, Rúnar, Kalli, Ingi Þór, Timoté, Camille, Paolo, Björn, Manoé, Roméo, Yloe, César, Þórey, Melissa, Soraya, Kristný, Manelle, Kristný og Rebekka.



Kennarar og þroskajálfi á námskeiðinu Playful learning í Danmörku, í ágúst 2024.



Kennari sótti námskeið um well-being í skólastarfi í Varsjá í október 2025.